FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

Alþingi
Erindi nr. Þ 128/154
komudagur 20.11.2002

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

20. nóvember 2002

*Tilvísun: 2002110012*

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, 183. mál, tryggingatími.**

Fjármálaeftirlitið vísar til bréfs, dags. 31. október sl., þar sem Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis óskaði eftir umsögn Fjármálaeftirlitsins um frumvarp til laga um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, 183. mál, tryggingatími.

Fjármálaeftirlitið hefur yfirfarið frumvarpið og gerir ekki athugasemdir við efnisatriði þess.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

*Páll Gunnar Pálsson* *Hannes J. Hafstein*

Suðurlandsbraut 32 108 Reykjavík • Sími 525 2700 • Bréfsími 525 2727 • e-mail: fme@fme.is

SAMBAND
ÍSLENSKRA SPARISJÓÐA

Alþingi
Erindi nr. Þ 128/45
komudagur 11.11. 2002
Erindi nr. Þ

Reykjavík, 6. nóvember 2002

**Alþingi**
**Efnahags- og viðskiptanefnd**
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Efni: **Umsögn um frumvarp til laga um innstæðutryggingar.**

Sambandi íslenskra sparisjóða hefur með bréfi dagsettu 31. október 2002 borist ósk um umsögn varðandi frumvarp til laga um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fjárfesta 183. mál.

Samband ísl. sparisjóða telur frumvarpið eðlileg viðbrögð við athugasemdum eftirlitsstofnunar EFTA og hefur engar athugasemdir við það.

Virðingarfyllst,
**SAMBAND ÍSL. SPARISJÓÐA**

Sigurður Hafstein
framkvstj.

RAUÐARÁRSTÍG 27 • 105 REYKJAVÍK • SÍMI 540 4000 • TELEX 3157 • ICEBAN IS • TELEFAX 540 4001

Alþingi
Erindi nr. Þ 128/29
komudagur 7.11. 2002

Samtök banka og verðbréfafyrirtækja
*Bankers' and Securities Dealers' Association of Iceland*

5. nóvember 2002

Alþingi,
efnahags- og viðskiptanefnd,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frv. til l. um brt. á l. um innstæðutryggingar (183. mál)

Vísað er í bréf nefndarinnar dags. 31. október sl. þar sem óskað er eftir umsögn um ofangreint mál. SBV gera ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,

Guðjón Rúnarsson,
framkvæmdastjóri

SEÐLABANKI ÍSLANDS

*Alþingi*
*Erindi nr. Þ* 128/90
*komudagur* 18.11.2002

18. nóvember 2002

Bréf yðar frá 31. október 2002

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

*Efni:* Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 98/1999, um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta

Vísað er til bréfs efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis dags. 31. október sl. þar sem óskað er umsagnar Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 98/1999, um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta., 183. mál, tryggingatími.

Í athugasemdum við lagafrumvarpið kemur m.a. fram að frumvarpið sé lagt fram vegna athugasemdar Eftirlitsstofnunar EFTA við innleiðingu tilskipunar 97/9/EB, um tryggingakerfi fyrir fjárfesta. Ósamræmi sé talið vera milli 6. gr. tilskipunarinnar og 8. gr. laga nr. 98/1999, um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta. Í 6. gr. tilskipunarinnar segi að skuldbindingar skuli njóta tryggingaverndar þar til starfsleyfi viðkomandi fjármálafyrirtækis sé afturkallað, en í 8. gr. laganna segi hins vegar að skuldbindingar, sem stofnað er til áður en frestur fjármálafyrirtækis til að uppfylla skyldur sínar rennur út, skuli njóta tryggingaverndar.

Þar sem breyting sú sem lögð er hér til á lögum nr. 98/1999, leiðir til þess að viðskiptavinir aðildarfyrirtækja Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta njóti tryggingaverndar þangað til starfsleyfi viðkomandi fjármálafyrirtækis er afturkallað, í samræmi við tilskipun nr. 97/9/EB, um tryggingakerfi fyrir fjárfesta, mælir Seðlabanki Íslands með samþykki frumvarpsins.

Virðingarfyllst
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Birgir Ísl. Gunnarsson
formaður bankastjórnar

Eiríkur Guðnason
bankastjóri

SEÐLABANKI ÍSLANDS
KALKOFNSVEGI 1 · 150 REYKJAVÍK
SÍMI: 569 9600 · NETFANG: sedlabanki@sedlabanki.is · BRÉFASÍMI: 569 9605

*Alþingi*
*Erindi nr. Þ 128/134*
*komudagur 21.11.2002*

**Nefndasvið Alþingis**
**Efnahags- og viðskiptanefnd**
**b/t Hildar Njarðvík, nefndarritara**
**Austurstræti 8 - 10**
**150 Reykjavík**

VERSLUNARRÁÐ
ÍSLANDS
ICELAND CHAMBER
OF COMMERCE
Stofnað 1917

SAMTÖK
VIÐSKIPTALÍFSINS

Reykjavík, 19. nóvember 2002.

**Efni: Frv. til laga um br. á l. nr. 98/1999 um innistæðutrygg. (183. mál).**

Verslunarráð Íslands þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp. Verslunarráð gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,
f.h. Verslunarráðs Íslands,

Sigríður Ásthildur Andersen.

*Póstáritun:*
Verslunarráð Íslands
Húsi verslunarinnar
Kringlan 7
103 Reykjavík

Sími: 510 7100
Bréfsími: 568 6564
Netfang: mottaka@chamber.is
Website: www.chamber.is